

Landskjörstjórn
Tjarnargötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 4. desember 2024.

Athugasemdir við fyrirkomulag alþingiskosninga í Reykjavík þann 30. nóvember 2024.

Krafa:

Gerð er krafa að Landskjörstjórn fari yfir, beri saman og rannsaki öll utankjörfundaratkvæði í Reykjavíkurborgarkjördæmunum í nýafstöðnum alþingiskosningum sem fram fóru 30. nóvember sl.

Undirrituð var umboðsmaður Miðflokksins í Reykjavíkurborgarkjördæmi norður í kosningunum. Geri ég ýmsar athugasemdir við fyrirkomulag kosninganna sem þurfa skoðun og úrlausn Landskjörstjórnar.


- Yfirkjörstjórnir í Reykjavíkurborgarkjördæmi norður og Reykjavíkurborgarkjördæmi suður hafa báðar aðsetur í ráðhúsi Reykjavíkur. Gerð er krafa um að þessu fyrirkomulagi verði breytt. Mjög óeðlilegt er að hvort kjördæmi hafi ekki sitt hvora aðstöðuna í hvoru kjördæmi fyrir sig.
- Mjög ámælisvert er að byrjað er á að rjúfa innsigli kjörkassa utankjörfundaratkvæða kl. 10:00 þremur og hálfum sólarhring áður en kjörstöðum lokar, eða þann 27. nóvember sl. Enn ámælisverðara er að ytra umslag atkvæðanna var rofið og hófst flokkun og skoðun atkvæða samdægurs og stóð sú flokkun yfir í rúma þrjá sólarhringa.
- Atkvæðin voru sett í óinnsiglaða plastkassa merktum kjörstöðum og kjördeildum. Að sögn voru þeir geymdir í innsigluðu herbergi í ráðhúsinu fram að kosningum. Þetta fyrirkomulag er fallið til þess að skapa mikla tortryggni og öryggi kjóсандans er ekki tryggt. Til samanburðar er meðhöndlun

utankjörfundatkvæða með allt öðrum hætti í SV-kjördæmi sem er lang stærsta kjördæmi landsins, þannig að ekki er hægt að bera við tímahraki.

4. Umboðsmenn lista voru boðaðir til úrskurðarfundar á ný í ráðhúsið föstudaginn 29. október, kl. 10:00 til að vera viðstaddir þegar kynnt var úrskurður yfirkjörstjórna í Reykjavík, hvað margir utankjörfundaseðlar höfðu verið úrskurðaðir ógildir. Umboðsmönnum var tjáð að búið væri að fara í gegnum 11.000 atkvæði sem tilheyrðu báðum Reykjavíkurkjördæmunum og óverulegur hluti þeirra hefðu verið úrskurðuð ógild.
5. Umboðsmenn voru boðaðir í ráðhúsið til úrskurðarfundar á ný kl. 14:00 á kjördag, þann 30. nóvember. Þar var þeim tjáð að fyrir lægju 1.500 utankjörfundaratkvæði sem búið væri að fara í gegnum og úrskurða um ógildi gallaðra seðla. Eva Bryndís Helgadóttir, formaður yfirkjörstjórnar í Reykjavík tilkynnti þessa niðurstöðu og sagði jafnframt að búið væri að fara yfir 15.000 atkvæði. Undirrituð gerði athugasemdir við þessa yfirlýsingu því 12.500 atkvæði gætu ekki skyndilega breyst í 15.000 atkvæði.
6. Útskýring yfirkjörstjórnar var á þá leið að mismunurinn (2.500 atkvæði) væru „póstatkvæði“ sem höfðu borist. Gerði undirrituð alvarlegar athugasemdir við þessar útskýringar því aldrei fyrr í ferlinu hafi verið minnst á „póstatkvæði“. Ekki fengust nánari útskýringar á þessum auka 2.500 atkvæðum og aðili í yfirkjörstjórninni sagði að þau væru m.a.s. 2.700. Undirrituð spurði í framhaldinu hvenær fara ætti yfir póstatkvæðin og var þá sagt að búið væri að fara yfir þau. Það stenst enga skoðun því yfirferðin taldi 12.500 atkvæði. Á þessum tímapunkti upplýsti undirrituð að hún myndi leggja fram bókun. Fór yfirkjörstjórn við svo búið úr salnum.
7. Bókunin er eftirfarandi: „*Vigdís Hauksdóttir umboðsmaður Miðflokksins gerir athugasemd við að í fyrsta sinn eru kynnt til sögunnar atkvæði sem hafa borist í pósti. Búið var að fara yfir 11.000 atkvæði 29. nóvember og er mætt var til fundar í ráðhúsinu 30. nóvember var kynnt að 1.500 atkvæði hafi borist. Það gerir 12.500 atkvæði. Umboðsmaður Miðflokksins gerði athugasemd við þann útreikning og var þá upplýst að 2.500 hafi borist í pósti og að búið væri að fara yfir þau. Gerð er athugasemd við þessar alvarlegu athugasemdir.*“
8. Undirrituð sætti sig ekki við svör yfirkjörstjórnar að búið væri að fara yfir hin svokölluðu póstatkvæði. Sendur var póstur á kosningar@reykjavik.is, og spurt hvenær yrði farið yfir atkvæðin, en því erindi hefur ekki enn verið svarað.
9. Á ný spurði undirrituð um afdrif póstatkvæðanna á fundi sem yfirkjörstjórnir boðuðu til þann 2. desember sl. þar sem teknar voru fyrir yfirstríkanir og endurröðun á listum. Óskaði undirrituð eftir að sjá umslög póstatkvæðana og enn á ný var því borið við að póstatkvæðin 2.500 hefðu farið í bunkana með utankjörfundaratkvæðunum. Þessi fullyrðing stenst ekki skoðun þegar ferillinn er skoðaður.

10. Ljóst er að ekkert í útskýringum Yfirkjörstjórnar Reykjavíkur stenst er snýr að 2.500-2.700 svokallaðra póstatkvæða sem ekki fóru í bunka utankjörfundaratkvæða til vinnslu hjá kjörstjórnunum. Hafi atkvæðunum verið bætt við á ákveðnum tímapunkti þá má fullyrða að úrslit kosninganna liggi undir.
11. Að þessu sögðu er krafa mín að Landskjörstjórn fari yfir, beri saman og rannsaki öll utankjörfundaratkvæði í báðum Reykjavíkurkjördæmunum í nýafstöðnum alþingiskosningum.

Virðingarfyllst,



Vigdís Hauksdóttir, umboðsmaður Miðflokksins.

Fylgiskjal

Tölvupóstur dagsettur 30. desember 2024, kl. 17:11